

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 23. febrúar 2024.

Mál nr. 179/2023:

Ákærvaldið

(Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir saksóknari)

gegn

Gareese Joshua Gray

(Leifur Runólfsson lögmaður)

(Ólafur Rúnar Ólafsson réttargæslumaður)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Nauðgun. Sönnun. Miskabætur. Refsiákvörðun. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Dómtúlkur.

Útdráttur

G var sakfelldur fyrir nauðgun með því að hafa með ólögumætri nauðung og án samþykkis, haft önnur kynferðismök en samræði við A á heimili hennar í júlí 2021 með því hafa nuddað getnaðarlim sinn við andlit hennar þar sem hann var klofvega yfir henni og varnaði henni undankomu þar til hann fékk sáðlát yfir andlitið. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að samkvæmt sakavottorði hafði ákærða ekki verið gerð refsing áður. Aftur á móti var tekið mið af því að brot ákærða voru framin gegn stúlku sem var ung að aldri og inni á heimili hennar þar sem hún átti sér einskis ills von. Í ljósi alvarleika brots ákærða, sbr. og ákvæði 1., 2., 6. og 7. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og a-liðar 195. gr. sömu laga þótti refsing G þótti hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Þá var G gert að greiða A miskabætur að fjárhæð 1.100.000 krónur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Kristinn Halldórsson og Ragnheiður Harðardóttir og Kjartan Bjarni Björgvinsson, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 23. febrúar 2023 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málsgögn bárust réttinum 3. október 2023. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra 8. febrúar 2023 í málinu nr. S-360/2022.
- Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og að refsing hans verði þyngd.
- Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði

skilorðsbundin. Þá krefst hann þess að skaðabótakröfu brotaþola verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð verulega.

- 4 Brotaþoli, A, krefst þess að ákærði greiði henni 2.000.000 króna í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. júlí 2021 til 18. nóvember 2022 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Til vara er þess krafist að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um einkaréttarkröfu brotaþola.
- 5 Við aðalmeðferð málsins voru spilaðar hljóð- og myndupptökur af skýrslum ákærða og brotaþola fyrir héraðsdómi. Þá gáfu ákærði og brotaþoli viðbótarskýrslu fyrir Landsrétti.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 6 Ákærði er í máli þessu sóttur til saka fyrir nauðgun með því að hafa með ofbeldi og ólögmati nauðung og án samþykkis, haft önnur kynferðismök en samræði við brotaþola, en samkvæmt ákæru hafi ákærði sest klovvega ofan á hana, haldið henni niðri og nuddað getnaðarlim sínum við andlit hennar þar til hann fékk sáðlát yfir andlitið. Í ákæru er þessi háttsemi talin varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 7 Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sakfelldur fyrir að hafa fróað sér þar sem hann var klovvega á hnjánum yfir efri líkama brotaþola og fengið sáðlát yfir andlit hennar þrátt fyrir að hún gerði honum ljóst að hún væri því mótfallin. Ákærði var aftur á móti sýknaður af þeim lið ákæru að hafa haldið brotaþola niðri og nuddað lim sínum við andlit hennar. Í dóminum var sú háttsemi sem ákærði var sakfelldur fyrir talin brot gegn blygðunarsemi og sem slík heimfærð undir ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga.
- 8 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti voru spilaðar upptökur í hljóði og mynd af framburði ákærða og brotaþola fyrir héraðsdómi. Brotaþoli greindi frá því að dag þann er atvik máls gerðust hafi hún komist í samband við ákærða á samfélagsmiðlinum Instagram. Þau hafi átt sameiginlegan vin, C, sem brotaþoli hafi kynnst nokkrum dögum áður, og hafi hún boðið þeim heim til sín síðar um daginn. Þegar þeir komu þangað hafi brotaþoli boðið þeim inn í herbergi sitt þar sem þau hafi setið öll þrjú á rúmi hennar, hlustað á tónlist og spjallað.
- 9 Brotaþoli lýsti atvikum þannig fyrir dómi að ákærði hafi fært sig nær henni og lagst á læri hennar og hún hafi þá lagt hönd sína á hann. Þau hafi á hinn bóginn aldrei verið að kyssast. Ákærði hafi þá farið að snerta hana í auknum mæli og reynt að snerta brjóst hennar. C hafi þá enn verið í herberginu og hafi brotaþoli sagt ákærða að hana langaði ekki að gera neitt slíkt strax og hún vildi að þau kynntust betur áður. C hafi tekið eftir því sem fram fór og þá farið en sagst ætla að koma aftur.

- 10 Brotapoli greindi síðan frá því í vitnisburði sínum að ákærði hafi gerst ágengari við hana eftir að C fór og hún hafi áfram sagt að hana langaði ekki að gera neitt meira án þess að kynnast honum fyrst. Ákærði hafi hins vegar ekki hætt og hún hafi á endanum gefið eftir. Ákærði hafi sagt henni að fara úr að ofan, sem hún hafi gert, og reynt að snerta hana en hún endurtekið að hún vildi ekki gera neitt meira og að hún vildi kynnast honum áður. Ákærði hafi þá spurt hvort hún gæti „farið niður á hann“, sem hún hafi neitað, en ákærði samt sem áður haldið áfram að biðja hana um það. Ákærði hafi síðan beðið hana um að kyssa getnaðarlim sinn, sem hún hafi gert, þar sem hana hafi langað til þess að „þetta væri búið“ og að ákærði léti hana í friði.
- 11 Í vitnisburði brotþola kemur fram að ákærði hafi síðan reynt að setja hendur sínar inn fyrir buxur hennar og hún þá gripið í hönd hans og sagt nei, að hún vildi bara „chilla og kynnast“. Þannig hafi þetta gengið fram og til baka, hún hafi sagt nei en ákærði allt að einu haldið áfram. Brotapoli hafi náð að senda C skilaboðin „save me“ meðan á þessu stóð. Greindi brotþoli þannig frá því fyrir dómi að hún hafi þá verið „svo hrædd“ og sagt bara „nei, nei, nei“ og ákærði þá gefist upp. Þá hafi ákærði aftur á móti farið ofan á hana og byrjað að fróa sér þannig að limur hans var alveg við andlit hennar. Hún hafi ítrekað sagt ákærða að hún vildi þetta ekki og reynt að ýta honum frá sér en ákærði hafi haldið áfram þangað til honum varð sáðfall á andlit hennar.
- 12 Brotapoli greindi frá því fyrir dómi að móðir hennar og systir hafi verið á heimilinu meðan á þessu stóð en henni hafi ekki dottið í hug að kalla á þær þar sem hún hafi skammast sín og verið hrædd. Ákærði hafi farið ofan af henni eftir að honum varð sáðfall og hún þá þurrkað sig með bol og sagst ætla að fara inn á bað. Hún hafi síðan farið þangað til að þrifa hár sitt og andlit. Þegar hún var að því hefði D, yngri systir hennar, komið inn á baðherbergið og hjálpað henni við það. Inni á baðherberginu hafi brotþoli hringt í C og sent honum skilaboð á Snapchat um að hún væri of hrædd til að koma út.
- 13 Fyrir dómi greindi brotþoli frá því að hún hafi átt í samskiptum við ákærða sama dag eftir að hann var farinn af heimili hennar og hún var komin til E, eldri systur sinnar, en gögn um slík samskipti liggja fyrir í málinu í skjáskotum úr síma brotþola sem hún afhenti lögreglu undir rannsókn málsins. Er þar annars vegar um að ræða samskipti á forritinu Snapchat og hins vegar á Instagram.
- 14 Af framburði brotþola verður ráðið að skilaboð milli aðila á Snapchat séu tímasett og háð því að þau séu vistuð sérstaklega, en því sé ekki þannig farið með samskipti á Instagram. Kvaðst brotþoli hafa tekið skjámyndir af samskiptum sínum við ákærða til að sýna D systur sinni, en ráða má af framburði brotþola að D og kærasti hennar hafi ekið fram hjá heimili ákærða þar sem systir hennar hafi verið reið ákærða. Vísaði brotþoli þá til þess að í skilaboðum ákærða til hennar á Instagram hafi ákærði spurt hana hvers vegna fólk væri að keyra fram hjá húsi hans.

- 15 Í viðbótarskýrslu sinni fyrir Landsrétti kvaðst brotaþoli vilja taka fram að hún hafi í framburði sínum fyrir héraðsdómi hugsanlega verið óskýr um hvenær dags atvik hefðu átt sér stað þar sem þetta hefði verið að sumarlagi. Aðspurð um hvort ákærði hafi kysst hana, eins og brotaþoli bar um í skýrslutöku hjá lögreglu en ekki fyrir héraðsdómi, kvaðst brotaþoli ekki muna það nú en líklega hefði hún munað það betur hjá lögreglu.
- 16 Fyrir Landsrétti kvaðst brotaþoli hafa reynt að ýta ákærða frá sér eins fast og hún gat. Brotaþoli kvaðst ekki hafa getað komið sér undan ákærða þar sem hann hafi verið klovvega yfir henni með hnén upp við handleggi hennar, þó ekki þannig að hann legði þunga sinn á hana. Brotaþoli kvaðst ekki minnst þess hvort C hafi komið aftur til hennar.
- 17 Í viðbótarskýrslu sinni fyrir Landsrétti staðfesti brotaþoli að myndir sem fyrir liggja í málinu hafi lögregla tekið af síma hennar en hún hafi áður tekið skjáskot af samskiptum sínum við ákærða. Brotaþoli kvað upptöku sem liggur fyrir málinu af þessum samskiptum á Instagram hafa orðið til þannig að hún hafi tekið samskiptin upp á síma sinn, sennilega sama kvöld og atvik málsins áttu sér stað. Brotaþoli kvað það rétt að hún hefði sent ákærða skilaboð um að hún hafi reynt að ýta honum frá sér og hún hafi þá gengið út frá því að hún væri í samskiptum við hann sjálfan. Hún kvaðst ekki minnst þess að C hefði nokkru sinni sagt sér að hann hefði verið sá sem átti í umræddum samskiptum við brotaþola.
- 18 Aðspurð um þau ummæli sem birtast undir nafni ákærða í samskiptum við brotaþola um að það væri of langt gengið að spyrja stjúpföður ákærða um hann kvað brotaþoli ummælin sennilega snúast um D systur hennar og kærasta hennar en þau hafi keyrt fram hjá heimili ákærða. Nefndi brotaþoli að þau hafi hugsanlega farið og spurt eftir ákærða en hún myndi það ekki. Brotaþoli kvaðst enn fremur halda að hún hafi sent skilaboð til C um að hún væri of hrædd til að koma út þegar ákærði og C voru enn heima hjá henni.
- 19 Ákærði greindi frá því fyrir héraðsdómi að hann hafi komist fyrst í samband við brotaþola á Instagram sama dag og atvikið sem ákært er fyrir á að hafa gerst. Hann hafi síðan komið til brotaþola ásamt C vini sínum þar sem þau hafi öll setið á rúminu í herbergi hennar, hlustað á tónlist og spjallað. Brotaþoli hefði síðan byrjað að kyssa ákærða og hún átt frumkvæðið. C hefði síðan spurt hann hvort hann gæti fengið bílinn hans lánaðan og farið út.
- 20 Ákærði bar að eftir að C var farinn hafi brotaþoli byrjað að snerta líkama hans og hann þá snert háls hennar og andlit en ekki aðra staði. Hann hafi spurt hana hvort hún vildi sjá getnaðarlim hans og hún hafi sagt það í lagi að hann sýndi henni liminn ef hann langaði til þess. Ákærði kvaðst hafa tekið út getnaðarlim sinn þar sem brotaþoli hafi verið að kyssa hann og snerta hann. Ákærði kvað brotaþola ekki hafa snert getnaðarlim hans heldur hafi hún einungis horft á hann og hlegið. Taldi ákærði að

hann hafi berað sig alls í „kannski um það bil tvær mínútur.“ Ákærði kvað þau hafa hætt að kyssast í herberginu og hafi það verið vegna þess að hann langaði að horfa á það sem hann var búinn að stilla á í sjónvarpinu.

- 21 Ákærði bar fyrir dómi að brotþoli hafi í framhaldinu farið inn á baðherbergi og hafi hann eftir það verið einn í herberginu þangað til C kom og sótti hann. Kvað ákærði C hafa komið til baka 10 mínútum síðar með bíllyklana. Þeir hafi ekki kvatt brotþola og kvað ákærði C hafa sagt að það væri allt í lagi að þeir færu án þess að kveðja. Þeir hafi síðan ekið á brott.
- 22 Samkvæmt framburði ákærða greindi C honum frá því þegar bíllinn hafði staðnæmst að brotþoli segði ákærða hafa fengið sáðlát á andlit hennar. Kvaðst ákærði þá hafa viljað fara til baka en C hefði sagt nei. Ákærði kvað þá C hafa setið í bílnum og spjallað í um 20 mínútur en þeir hafi rætt um fjölmargt annað en frásögn brotþola um háttsemi ákærða gagnvart henni. Lýsti ákærði því að á meðan þeir C sátu saman í kyrrstæðum bílnum á bílastæði hafi C verið að senda brotþola skilaboð, bæði úr eigin síma og síma ákærða. Ákærði kvaðst aldrei hafa séð þessi skilaboð þar sem þeim hefði verið eytt en hann teldi C hafa eytt þeim. Sagðist ákærði síðan hafa farið heim til sín og verið miður sín vegna þess sem brotþoli hefði sagt og nokkrir vinir hans hefðu komið til hans um kvöldið.
- 23 Fyrir héraðsdómi var ákærði spurður um efni skilaboðanna sem fyrir liggja í gögnum málsins og eru send af Instagram-reikningi hans til brotþola. Þar á meðal eru skilaboð sem send eru í hans nafni til brotþola um að spurt hafi verið eftir stjúpföður hans, sem væri of langt gengið, og að einhverjir hafi komið til að athuga með hann þar sem hann væri leiður yfir að brotþoli væri í reynd að gera þetta („they just came to check on me because I was sad you really doing this“). Um þessi skilaboð sagði ákærði fyrir héraðsdómi að fjórir vinir hans hefðu verið heima hjá honum að spjalla og að vinur hans hefði verið að horfa á skilaboðin með sér og sagt að það væri einhver að keyra fyrir utan. Ákærði kannaðist aftur á móti ekki við að hafa sent skilaboðin og vísaði í því sambandi til þess að C hefði verið með símann hans eftir að þeir fóru frá brotþola. Ákærði gerði þó ekki ágreining um að skilaboðin væru send af Instagram-reikningi hans.
- 24 Ákærði gaf viðbótarskýrslu við aðalmeðferð málsins í Landsrétti. Í skýrslu sinni kvaðst ákærði vilja leiðrétta fyrri framburð sinn fyrir héraðsdómi um hvenær vinslit hefðu orðið með honum og C. Greindi hann frá því að þeir hefðu verið vinir nokkuð lengur en hann greindi frá fyrir héraðsdómi.
- 25 Fyrir Landsrétti neitaði ákærði sem fyrr sök í málinu og kvað það rangt að hann hefði nuddað lim sinn fyrir ofan andlit brotþola. Þá sagði hann það ekki rétt að brotþoli hefði kysst lim hans eða farið úr að ofan. Ákærði kvað enga sérstaka ástæðu fyrir því að hann hefði spurt brotþola hvort hann ætti að sýna henni kynfæri sín aðra en þá að hún hafi verið að kyssa hann og snerta. Aðspurður kvaðst hann engar væntingar hafa

- haft á þessum tímapunkti um að atlot hans og brotáþola gengju eitthvað lengra. Ákærði bar jafnframt að hann hefði sjálfur haft frumkvæði að því að stöðva atlot sín og brotáþola fljótlega eftir að hann sýndi henni kynfæri sín. Ástæða þess hafi verið sú að hann hafi viljað horfa á sjónvarpið, en þar hefðu verið tónlistarmyndbönd í gangi. Ákærði kvað sig og brotáþola þó hafa látið vel hvort að öðru í nokkrar mínútur á eftir.
- 26 Ákærði kvað C hafa greint sér frá því þegar þeir komu út í bifreið hans að brotáþoli segði ákærða hafa fengið sáðfall yfir andlit sitt. Kvaðst ákærði hafa sagt C strax að ekkert slíkt hefði átt sér stað. Þá sagði ákærði það enn fremur rangt að hann hafi sagt C að hlutirnir hefðu gerst hratt milli sín og brotáþola. Fyrir Landsrétti kvað ákærði C ekki hafa nefnt við sig að brotáþoli segðist hafa reynt að ýta honum frá sér.
- 27 Ákærði kvaðst auk þess ekki hafa skrifað þau skilaboð til brotáþola sem fyrir liggja í málinu og merkt eru notandanafni hans og reikningi á Instagram. Sagði ákærði að C hefði sent brotáþola skilaboðin sem um ræðir og hefði C greint honum frá því sjálfur. Meðal þeirra skilaboða eru samskipti þar sem brotáþola er sagt undir notandanafni ákærða að hún hafi ekki ýtt honum frá sér.
- 28 Aðspurður um skilaboð á Instagram til brotáþola um að fólk sé að aka fram hjá húsi hans kvað ákærði C hljóta að hafa skrifað þau skilaboð, enda hafi hann ekki skrifað þau sjálfur. Lýsti ákærði því að vinir hans hefðu komið heim til hans síðar um kvöldið og spurt hann út í hvað væri í gangi með það sem C var að segja og hvort allt væri í lagi með ákærða. Ákærði hafi verið í rúmi sínu og verið mjög hnugginn yfir því sem C sagði en hann viti ekki til þess hvort vinir hans hafi verið að horfa út um gluggann.
- 29 Ákærði kannaðist enn fremur ekki við að hann hefði skrifað skilaboð til brotáþola um kvöldið af Instagram reikningi sínum um að vinir hans hafi komið til að athuga með hann. Ákærði kvaðst ekki kannast við skilaboð sem brotáþola voru send undir hans nafni á Snapchat-reikningi C en hann hafi hvorki skrifað né beðið C fyrir slík skilaboð til brotáþola. Kvaðst ákærði fyrst hafa séð þau samskipti við meðferð málsins fyrir héraðsdómi. Ákærði kvaðst hafa fengið síma sinn úr hendi C þegar C yfirgaf bifreið hans. Fyrir Landsrétti kvaðst ákærði alveg viss um að hann hafi aldrei setið klovvega yfir brotáþola.
- 30 Í framburði ákærða fyrir Landsrétti kom fram að sá túlkur sem aðstoðaði hann við aðalmeðferð málsins í héraði hefði túlkað fyrir hann þótt ekki hefði hún túlkað allt sem fram fór í þinghaldinu. Í skýrslu ákærða fyrir Landsrétti kom fram að hann hefði ekki talið þörf á að því að hún túlkaði allt fyrir hann þar sem suma hluti hefði hann skilið. Túlkurinn hefði spurt hann hvort hún ætti að túlka á köflum en ákærði teldi að annars hefði verið ljóst að hann skildi hvað fram fór. Tók ákærði fram í því sambandi að hann hefði búið hérlandis síðan í nóvember 2019 og lært íslensku bæði í skóla og á vinnustað.
- 31 D, yngri systir brotáþola, lýsti atvikum þannig fyrir héraðsdómi að hún hafi komið heim þar sem hún og kærasti hennar hefðu boðið brotáþola, C og ákærða, að koma á

rúntinn með sér og vitnið hafi ætlað sér að skipta um föt. Hún hafi litið inn í herbergi brotþola þar sem ákærði hafi verið einn og síðan farið inn á baðherbergið þar sem brotþoli hafi setið hágrátandi á klósettinu að þurrka sæði eða eitthvað hvítt með klósettpappír úr hárinu. Brotþoli hafi þá greint vitninu frá því að ákærða hafi orðið sáðfall yfir hár og andlit hennar gegn vilja hennar. Brotþoli hefði sagt að hún hefði reynt að ýta ákærða frá sér en hún hefði frosið. Brotþoli hefði síðan farið í sturtu þar sem hún hafi hágrátið og reynt að þrífa á sér hárið.

- 32 D kvaðst hafa orðið mjög reið í kjölfarið og viljað henda ákærða út en brotþoli hefði lagst gegn því þar sem móðir þeirra sæti frammi og hún vildi ekki blanda henni í málið. Brotþoli hefði aftur á móti sent skilaboð til C inn á baðherberginu og beðið hann um að fjarlægja ákærða úr herbergi hennar. Þá hefði hún sjálf sent ákærða skilaboð síðar um kvöldið þar sem hún hefði sagt við hann að þetta hefði verið illa gert og að hann ætti að hætta að ljúga um að þetta hafi ekki gerst. Ákærði hefði svarað henni og neitað því sem gerðist. Hún ætti þau skilaboð hins vegar ekki lengur.
- 33 Í skýrslu E, eldri systur brotþola, fyrir héraðsdómi kom fram að brotþoli hafi komið yfir til hennar í kjölfar þess að ákærði hafði verið heima hjá brotþola en brotþoli búi nálægt vitninu. Hafi brotþoli þá greint henni frá því að ákærða hefði orðið sáðlát yfir hár hennar. Brotþoli hafi þá verið skelkuð og augljóslega nýbúin í sturtu. Fyrir héraðsdómi kvað vitnið að brotþoli hafi verið í samskiptum við ákærða þegar hún var heima hjá vitninu og vitnið hafi séð það sjálf en muni ekki hvers efnis skilaboðin voru.
- 34 Vitnið C bar fyrir héraðsdómi að hann og ákærði hafi verið vinir en því hefði lokið þennan dag. Vitnið kvaðst hafa verið staddur í herberginu ásamt ákærða og brotþola en ákveðið að fara þar sem honum hafi þótt brotþola líka betur við ákærða. Hann væri ekki viss um hversu lengi hann hafi verið í burtu en þó ekki lengur en 25 mínútur. Hann hafi svarað skilaboðum brotþola um leið og hann sá þau, auk þess sem hann hafi reynt að hringja í hana til að biðja hana um að opna útidyrnar en hún ekki svarað. Hafi hann þá hringt dyrabjöllunni og hefðu dyrnar þá verið opnaðar. Þegar inn var komið hefði hann séð D á leið inn á baðherbergið til brotþola.
- 35 Vitnið kvaðst hafa farið inn í herbergi til ákærða til að fá botn í hvað hefði gerst. Þeir hafi farið saman út í bíl og stoppað á bílastæði þar sem þeir hefðu verið að senda brotþola skilaboð. Brotþoli hefði svarað honum að mestu leyti en líka ákærða. Vitnið hefði sagt ákærða að hann yrði að biðjast afsökunar en brotþoli hefði ekki svarað skilaboðum hans og ákærði því notað símann hans til að senda skilaboð. Vitnið kvaðst hafa haft samband við H vin sinn til að sækja ákærða og færa hann á brott svo að lögreglan fyndi hann ekki.
- 36 Eins og áður greinir liggja fyrir í málinu gögn um samskipti brotþola á Snapchat og Instagram sama dag og þau atvik sem tilgreind eru í ákæru eiga að hafa átt sér stað. Eru samskipti brotþola á Snapchat við notendanafnið [...] en brotþola og C bar fyrir

dómi saman um að þessi samskipti væru á milli Snapchat-reikninga þeirra. Af þeim samskiptum verður ráðið að brotápoli hafi sent C leiðbeiningar klukkan 18.04 um hvar hún byggi, en af vitnisburði brotáþola og skýrslu C í héraði verður ráðið að ákærði og C hafi þá verið á leið til hennar. Næstu samskipti á milli C og brotáþola sem fyrir liggja eru klukkan 19.09 en þar spyr C hvort hún geti opnað dyrnar í fjölbýlishúsinu þar sem hún bjó. Brotápoli svarar þeim skilaboðum játandi þremur mínútum síðar en í skýrslu C fyrir héraðsdómi kom fram að hann hafi þá verið farinn. Klukkan 19.12 sendi brotápoli honum síðan skilaboðin „Save me“. Brotápoli bar fyrir dómi að hún hafi sent C skilaboð á milli síðustu tveggja skilaboðanna en hún hafi ekki vistað þau skilaboð.

- 37 Samkvæmt sömu gögnum sendi brotápoli C skilaboð klukkan 19.36 á Snapchat þar sem hún kvaðst of hrædd til að koma út. Eins og áður er rakið lýsti brotápoli því fyrir dómi að hún hefði hringt í C áður en hún sendi þau skilaboð. Í sömu samskiptum, af reikningi C, koma síðan klukkan 19.38 til 19.39 eftirfarandi skilaboð: „Its gareese. Am sorry. I just really liked you. Just come we can take things slow. Sorry dont be scared.“ Brotápoli svaraði þeim skilaboðum mínútu síðar: „Can you just go home for now.“ Þeim skilaboðum er svarað strax með orðunum „Ok text me later sorry.“ Tveimur mínútum síðar eða klukkan 19.42 eru send á sama notendanafni til brotáþola „Can I call you later if its okay its C“, sem brotápoli svarar játandi tveimur mínútum síðar.
- 38 Eins og áður greinir liggur einnig fyrir myndband af samskiptum brotáþola við notandanafn ákærða á Instagram. Í þeim samskiptum segir viðmælandi brotáþola ítrekað að honum þyki þetta leitt og það hafi ekki verið ætlun hans að hlutir færu á þennan veg („Didn't mean for it to happen like that“). Þá segir sami viðmælandi að hann sé mannlegur og að kenndir hans hafi tekið yfir með tilheyrandi skaða en það sé mjög ólíkt honum („Am human feeling took over i shit happen that normally not me.“). Í framhaldinu tjáir viðmælandinn brotáþola að hann hafi hrifist af henni og því hafi mál æxlast svona illa, en hún verði að vita að honum þyki það reglulega leitt. („A i really liked you and this shit happen please know I am sorry.“)
- 39 Í kjölfarið er ítrekað undir nafni ákærða að honum þyki þetta leitt og biður viðmælandi brotáþola um að svara sér. Brotápoli svarar þá með fúkyrðum og kveður ljóst að ákærða þyki ekkert leitt hvernig málum er komið, enda hefði hann þá virt óskir hennar. („Fuck you an your stories you aint Sorry of Nothing or you would have respected my wishes.“) Viðmælandinn hváir þá og kveður þau bæði hafa verið sátta og biður brotáþola um að láta ekki svona. („What we were both feeling same type of way. Dont be like that.“) Brotápoli segir ákærða þá að þegja þar sem hann viti vel að hún hafi reynt að ýta honum frá sér og sagt honum að hún vildi slaka á og kynnast betur. („Stfu you know I tried to push you away and told you I wanted to chill and get to know each other better.“) Segir brotápoli í framhaldinu að hún muni eftir að hafa ýtt ákærða svo

sem fimm sinnum og gert honum ljóst að hún vildi þetta ekki, enda hafi hún margoft sagt honum að hún vildi bara slaka á og kynnast.

- 40 Síðar í skilaboðunum segir undir notendanafni ákærða að systir brotþola sé að skoða síðuna hans eins og hann hafi reynt að særa eða meiða brotþola. Þá er brotþoli spurð hvers vegna fólk sé að keyra fram hjá heimili ákærða. Síðastnefndu skilaboðunum svarar brotþoli með því að spyrja á móti hvort félagar hans séu að stara út um gluggann fyrir hann.
- 41 Fyrir liggur að myndefnið sem hefur að geyma ofangreind skilaboð komst í vörslur lögreglu 7. júní 2022, eða tæplega ári eftir þau atvik sem lýst er í ákæru eiga að hafa átt sér stað. Eins og áður greinir bar brotþoli fyrir dómi að umrædd samskipti hefðu átt sér stað síðar um kvöldið og hún hafi tekið þau upp á síma sinn sama kvöld til að sýna D systur sinni sem hafi verið reið og keyrt fram hjá heimili ákærða ásamt kærasta sínum. Síminn sem brotþoli notaði sé nú ónýtur en hún hafi varðveitt myndbandið á öðrum síma. Hún geti hins vegar ekki nálgast skilaboðin á Instagram, hugsanlega vegna þess að þau ákærði séu ekki lengur vinir þar.
- 42 Ákærði hefur borið fyrir dómi, bæði í héraði og fyrir Landsrétti, að hann hafi reikning með því notendanafni og þeirri mynd sem honum var sýnd af umræddum samskiptum. Hann kvaðst aftur á móti ekki hafa sent umrædd skilaboð og taldi líklegt að C hafi sent þau. Fyrir dómi kannaðist C við að hafa sent skilaboð til brotþola af sínum Snapchat-reikningi en ákærði hafi þó sent skilaboðin sem hefjast með „its Gareese, I'm sorry, I just really liked you“ til brotþola á reikningi vitnisins. Aðspurður um Instagram-samskiptin sem liggja fyrir í málinu taldi vitnið ólíklegt að hann hefði skrifað þau þótt hann væri ekki alveg 100% viss. Vitnið sagði að hann hafi einnig sjálfur verið að biðja brotþola afsökunar þar sem honum þætti hann sjálfur bera ákveðna ábyrgð.
- 43 Málsatvikum og framburði vitna er að öðru leyti lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Niðurstaða

- 44 Í greinargerð ákærða til Landsréttar eru gerðar athugasemdir við mat héraðsdóms á trúverðugleika framburðar hans. Er þá meðal annars vísað til þess að í málinu hafi ekki verið notast við löggiltan túlk þrátt fyrir að ákærði hafi óskað eftir því en þess í stað hafi verið fenginn túlkur sem var að túlka fyrir dómi í fyrsta sinn án þess að hafa reynslu af túlkastörfum. Telur ákærði að þetta hafi gert að verkum að málsmeðferðin hafi hvorki verið réttlát né í samræmi við 12. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 45 Myndband af skýrslutökum við aðalmeðferð málsins í héraði sýnir að sá túlkur sem aðstoðaði ákærða við meðferð málsins túlkaði ekki jafnóðum framburð brotþola fyrir dómi og eftir atvikum ekki allan framburð annarra vitna sem komu fyrir dóminn. Í málinu liggur aftur á móti fyrir yfirlýsing túlksins þar sem segir að hann hafi túlkað á ensku fyrir ákærða þegar skýrsla var tekin af brotþola en ákærði hafi beðið hann um

að hætta eftir um það bil fimm mínútur. Túlkurinn hafi þá spurt ákærða hvort hann væri viss um að hann vildi ekki að hann túlkaði og minnt á að það væri réttur ákærða að fá túlkun. Ákærði hafi þá endurtekið að hann vildi ekki túlkun en túlkurinn hafi þá bent ákærða á að láta sig vita ef hann skipti um skoðun.

- 46 Í viðbótarskýrslu sinni fyrir Landsrétti kvað ákærði það rétt að hann hefði beðið túlkinn um að hætta túlkun. Greindi ákærði frá því að hann hefði verið búsettur hérlendis frá árinu 2019 og því skildi hann ýmislegt í tungumálinu. Myndbandsupptök af aðalmeðferð málsins í héraði sýna enn fremur að túlkur hættir á köflum túlkun eftir samtal við ákærða og einnig að túlkur hefur túlkun að nýju eftir að ákærði ráðfærir sig við hann.
- 47 Af hálfu ákærða er því ekki haldið fram að einhver einstök atriði hafi farið úrskeiðis við framkvæmd starfa túlksins heldur einungis bent á að túlkurinn hafi ekki haft réttindi sem löggiltur dómtúlkur. Við meðferð málsins fyrir Landsrétti var ákærða gefinn kostur á að hlýða á framburð brotaþola í héraði ásamt löggiltum skjalapýðanda og verjanda sínum til þess að ákærði hefði tök á að skilja til fullnustu framburð brotaþola. Af hálfu ákærða voru ekki gerðar athugasemdir við þá meðferð málsins. Með vísan til þessara atvika og þar sem ákærði hefur ekki borið því við fyrir Landsrétti að vörn hans hafi verið áfátt að þessu leyti, þótt túlkinn hafi skort löggildinguna, verður ekki talið að brotið hafi verið gegn réttindum hans til að fá aðstoð túlks samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 88/2008, sbr. einnig e-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.
- 48 Ákærða er í málinu gefin að sök nauðgun með því að hafa með ofbeldi og ólögumætri nauðung og án samþykkis, haft önnur kynferðismök en samræði við brotaþola á heimili hennar í júlí 2021 með því að setjast klofvega ofan á hana, halda henni niðri og nudda getnaðarlim sínum við andlit hennar þar til hann fékk sáðlát yfir andlit hennar.
- 49 Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Sem endranær þarf við sakarmat í málinu jafnframt að gæta þeirrar meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Samkvæmt henni metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Þá er í 2. mgr. sömu greinar mælt fyrir um að dómari meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það.
- 50 Ákærði hefur staðfastlega neitað sök í málinu og staðhæft að hann hafi ekki haft kynferðismök af nokkru tagi við brotaþola umrætt sinn og ekki orðið sáðfall í herbergi hennar. Hann hafi einungis sýnt henni getnaðarlim sinn með hennar samþykki.

- 51 Eins og áður er rakið liggja fyrir í málinu gögn um samskipti brotþola í gegnum Snapchat og Instagram. Af samskiptum brotþola við reikning vitnisins C á Snapchat verður ráðið að brotþoli hafi klukkan 19.12 beðið vitnið að koma sér til bjargar og að hún hafi 24 mínútum síðar sent vitninu skilaboð um að hún væri of hrædd til að koma út, en samkvæmt framburði D, systur brotþola, var brotþoli þá enn inni á baðherbergi. C hefur einnig borið fyrir dómi að þessi samskipti endurspegli atvik málsins. Verður því að leggja til grundvallar að samskiptin renni stoðum undir framburð brotþola um atvik málsins.
- 52 Í sömu samskiptum, en af reikningi C, eru síðan send skilaboð í nafni ákærða þar sem hann segir: „Am sorry. I just really liked you. Just come we can take things slow. Sorry dont be scared.“ Ákærði hefur neitað því að hafa sent þessi skilaboð en C hefur borið að ákærði hafi fengið símann hans til að senda skilaboðin þar sem brotþoli hafi ekki svarað skilaboðum frá ákærða. Bæði brotþoli og vitnið hafa auk þess borið að hafa átt í samskiptum á Snapchat fyrir og eftir þau atvik sem lýst er í ákæru. Í því sambandi hefur vitnið borið að ákærði hafi sent skilaboð á síma þess þar sem brotþoli hafi ekki verið að svara ákærða.
- 53 Samskipti brotþola á Instagram eru við notendanafn og mynd sem svarar til reiknings ákærða. Ákærði hefur ekki gert ágreining um að þau séu send af hans reikningi. Hann hefur aftur á móti borið því við í málinu að hann hafi ekki sent skilaboðin sem um ræðir til brotþola og að sterkar líkur séu á að C hafi sent þau, enda hafi vitnið haft síma ákærða undir höndum í framhaldi af því að þeir fóru af heimili brotþola. Þá kveður ákærði öllum skilaboðum hafa verið eytt þegar hann fékk símann til baka frá C. Fyrir Landsrétti breytti ákærði framburði sínum frá því sem var í héraði og kvað C sjálfan hafa greint honum frá því að hann hafi sent skilaboðin.
- 54 Brotþoli hefur einnig borið um að hún hafi átt í þessum samskiptum við ákærða á Instagram. Við mat á sönnunargildi þeirra skilaboða sem liggja fyrir milli brotþola og notendanafns ákærða á Instagram verður að líta til þess að efni þeirra fær að verulegu leyti stoð í framburði brotþola og annarra vitna um atvik málsins. Þannig greindi C frá því fyrir dómi að ákærði hefði verið að reyna að ná sambandi við brotþola en hún ekki svarað honum. Þá bar eldri systir brotþola að hún hefði orðið vitni að því að brotþoli ætti í samskiptum við ákærða eftir að hún kom heim til hennar.
- 55 Framburður ákærða sjálfs og annarra vitna rennir enn fremur stoðum undir efni Instagram-skilaboðanna. Þannig bar ákærði fyrir Landsrétti að fjórir vinir hans hafi komið í heimsókn til hans síðar um kvöldið en í skilaboðum spyr brotþoli hvers vegna félagar hans stari út um gluggann. D systir brotþola bar einnig fyrir héraðsdómi að hún hefði lýst vanþóknun sinni á hegðun ákærða í skilaboðum til hans síðar sama kvöld og atvik þessa máls eiga að hafa átt sér stað. Í skilaboðum sem send eru af reikningi ákærða til brotþola er þess sérstaklega getið að systir brotþola sé að skoða síðuna hans eins og hann hafi reynt að særa hana eða meiða.

- 56 Þegar litið er til þessa framburðar vitna og efnis skilaboðanna verður að telja að framburður ákærða um að hann hafi ekki sent nein þessara skilaboða og verið alls ókunnugt um efni þeirra sé ótrúverðugur, einkum þegar litið er til efnis og umfangs skilaboðanna. Þannig er efni skilaboðanna í meginatriðum í samræmi við framburð vitna um atvik málsins. Framburður ákærða um að C hafi alfarið verið í samskiptum við brotþola úr síma hans þar sem þeir sátu í kyrrstæðum bíl er einnig ótrúverðugur þegar litið er til þess að ákærði hefur sjálfur borið að C hafi þá þegar verið búinn að greina honum frá því að brotþoli segði ákærða hafa orðið sáðlát yfir andlit hennar. C hefur enn fremur greint frá því að afar ólíklegt sé að hann hafi sent skilaboðin, þótt vitnið segðist ekki vera 100% visst.
- 57 Með vísan til þess sem að framan er rakið verður að telja hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi sjálfur átt í umræddum samskiptum við brotþola og verið meðvitaður um efni þeirra, þótt ekki sé með öllu útilokað að vitnið C hafi að einhverju leyti aðstoðað hann við að skrifa þau. Við mat á sönnunargildi skilaboðanna í þessu sambandi verður sem fyrr segir að hafa í huga að efni þeirra er í öllum meginatriðum í samræmi við framburð brotþola og annarra vitna um atvik málsins.
- 58 Eins og áður er rakið hefur brotþoli lýst því fyrir dómi að ákærði hafi nuddað getnaðarlim sinn fyrir ofan andlit hennar og orðið sáðfall yfir það. Hefur framburður hennar að þessu leyti verið stöðugur frá því að skýrsla var fyrst tekin af henni við rannsókn málsins hjá lögreglu. Fær framburður brotþola stoð í vætti D, yngri systur hennar, C og E, eldri systur hennar, um það sem brotþoli greindi þeim frá í beinu framhaldi af því að ákærði var á heimili hennar. Þá hefur ákærði sjálfur borið að C hafi greint honum frá því í beinu framhaldi af heimsókn þeirra að brotþoli segði ákærða hafa orðið sáðfall yfir andlit hennar.
- 59 Brotþoli lýsti því enn fremur fyrir Landsrétti að ákærði hefði verið klofvega yfir henni þannig að hné hans voru upp við báða handleggji hennar þegar hann viðhafði þá háttsemi sem lýst er hér að framan og í ákæru. Þá kvaðst brotþoli jafnframt hafa reynt að ýta ákærða frá sér og að hún hafi ekki getað snúið sér undan honum en ákærði hafi hunsað ítrekaðar beiðnir hennar um að hætta. Að mati dómsins er þessi framburður brotþola trúverðugur, enda samræmist hann fyrri framburði hennar fyrir héraðsdómi og lögreglu, sem og því sem fram kemur í gögnum málsins um samskipti ákærða og brotþola sama kvöld.
- 60 Framburður brotþola á sér einnig stoð í framburði C og D, systur brotþola, um hvernig brotþoli greindi þeim frá því sem gerðist á milli hennar og ákærða í herberginu á meðan þau voru þar ein. Enda þótt annað vitnið tengist brotþola fjölskylduböndum og hitt vitnið hafi síðar átt í ástarsambandi við brotþola verður að telja framburð þeirra beggja trúverðugan, enda er hann í senn í samræmi við framburð annarra vitna og þau gögn sem fyrir liggja í málinu. Er þá einnig til þess að líta að framburður beggja vitna fyrir héraðsdómi um atvik málsins einkenndist af varfærni þar sem bæði vitnin gættu þess að fullyrða ekki um atvik sem þau voru ekki viss um.

- 61 Með vísan til þess sem að framan er rakið verður því slegið föstu, gegn neitun ákærða, að með stöðugum og trúverðugum framburði brotþola sem og gögnum og framburði vitna sem eru honum til stuðnings, sé fram komin nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008, um að ákærði hafi verið klofvega yfir brotþola og nuddað getnaðarlim sinn við andlit hennar þar til hann fékk sáðlát yfir andlitið. Þá verður jafnframt að telja hafið yfir skynsamlegan vafa að brotþoli hafi gert ákærða ljóst, bæði í orði og verki, að hún væri ekki samþykkt háttsemi ákærða. Gat ákærða þar með engan veginn dulist að brotþoli var ekki samþykkt háttsemi hans þar sem hann var klofvega yfir henni. Þá verður því einnig slegið föstu að ákærði hafi varnað brotþola undankomu þar sem hann var klofvega yfir henni með fætur sína upp við handleggi hennar.
- 62 Með hliðsjón af framburði brotþola fyrir dómi um að getnaðarlimur ákærða hafi ekki snert andlit hennar verður að leggja til grundvallar að ákærði hafi ekki „nuddað getnaðarlim sínum við andlit“ brotþola eins og háttsemi hans er lýst í ákæru. Ákæruvaldið byggir aftur á móti sem fyrr segir á því að sú háttsemi ákærða að nudda getnaðarlim sínum ofan við andlit brotþola þannig að honum yrði sáðfall yfir andlit hennar hafi falið í sér „önnur kynferðismök“ í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Því eigi að heimfæra brot ákærða undir það ákvæði en ekki 209. gr. sömu laga, eins og héraðsdómur gerði.
- 63 Þegar leyst er úr því hvernig brot ákærða verða færð til refsíákvæða samkvæmt framansögðu verður að líta til þess að með lögum nr. 40/1992 og 61/2007 var ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot breytt verulega, meðal annars í því markmiði að tryggja svo sem kostur væri virðingu fyrir kynfrelsi hvers manns og réttarvernd handa þolendum slíkra brota. Þær breytingar hafa ekki síst snúið að 194. gr. laganna, en hugtakið nauðgun í ákvæðinu hefur verið rýmkað verulega og tekur nú til háttsemi sem áður varðaði vægari viðurlögum. Með breytingunum voru svonefnd „önnur kynferðismök“ lögð að jöfnu við samræði og fellur hvort tveggja nú undir verknaðarlýsingu ákvæðisins.
- 64 Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi sem varð að lögum nr. 40/1992 sagði um hugtakið „önnur kynferðismök“ að í því fælist kynferðisleg misnotkun á líkama annarrar manneskju, sem kæmi í stað hefðbundins samræðis eða hefði gildi sem slíkt. Þetta væru athafnir sem veittu geranda kynferðislega fullnægingu eða væru almennt til slíks fallnar. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum nr. 61/2007 voru nefnd ýmis dæmi um háttsemi, sem teldist falla undir þetta hugtak, meðal annars þegar gerandi léti þolanda fróa sér eða viðhefði samræðishreyfingar milli læra þolanda, á bakhluta hans eða maga.
- 65 Við túlkun á því hvort háttsemi falli undir „önnur kynferðismök“ í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga hefur í dómaframkvæmd verið miðað við hvort gerandi sé staddur í sama rými og brotþoli og viðhafi þar háttsemi gagnvart brotþola sem hafi kynferðislegt gildi fyrir geranda þannig að hún komi í staðinn fyrir eða bæti

upp hefðbundið samræði, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar frá 12. maí 2010 í máli nr. 502/2009 og frá 31. janúar sl. í máli nr. 31/2023. Þá hefur verið lagt til grundvallar að það að hafa sáðfall yfir líkama annarrar manneskju geti fallið undir „önnur kynferðismök“ í skilningi XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 16. nóvember 2006 í máli nr. 239/2006.

- 66 Eins og að framan er rakið telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi verið yfir brotaþola þannig að hún komst ekki undan honum á meðan hann nuddaði getnaðarlim sinn ofan við andlit hennar þar til honum varð sáðfall yfir það. Telja verður ljóst að eins og atvikum er háttað í málinu hafi þessi háttsemi haft kynferðislegt gildi fyrir ákærða og komið í stað hefðbundins samræðis. Telst því vera um að ræða „önnur kynferðismök“ í merkingu 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Er brot ákærða því réttilega heimfært til þessa refsíákvæðis í ákæru.
- 67 Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess að samkvæmt sakavottorði hefur ákærða ekki verið gerð refsing áður. Aftur á móti er jafnframt tekið mið af því að brot ákærða var framið gegn stúlku sem þá var nýorðin [...] ára og inni á heimili hennar þar sem hún átti sér einskis ills von. Í ljósi alvarleika brots ákærða, sbr. og ákvæði 1., 2., 6. og 7. tölulíðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og a-liðar 195. gr. sömu laga, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.
- 68 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um miskabætur til brotaþola.
- 69 Í samræmi við þessa niðurstöðu verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað málsins eins og hann var ákveðinn í héraði. Þá verður ákærða jafnframt gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotaþola, ásamt útlögðum kostnaði réttargæslumannsins, eins og í dómsorði greinir. Þóknun lögmannna er ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dómsorð:

Ákærði, Gareese Joshua Gray, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um miskabætur til handa brotaþola, A, og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 3.070.219 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Leifs Runólfssonar lögmanns, 1.966.640 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ólafs Rúnars Ólafssonar lögmanns, 967.200 krónur, ásamt útlögðum kostnaði réttargæslumanns, 108.355 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 8. febrúar 2023

- 1 Mál þetta, sem dómtekið var 26. janúar sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, dagsettri 15. september 2022, á hendur Gareese Joshua Gray, [...], [...], [...],

„fyrir nauðgun, með því að hafa í júlí 2021 á heimili A, kennitala [...], að [...], [...], með ofbeldi og ólögumætri nauðung og án samþykkis, haft önnur kynferðismök en samræði við A, en ákærði settist klofvega ofan á A, hélt henni niðri og nuddaði getnaðarlim sínum við andlit hennar þar til hann fékk sáðlát yfir andlitið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kt. [...], fyrir hönd ólöggráða dóttur hennar, A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni skaðabætur að fjárhæð 2.000.000 kr. ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. júlí 2021 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi var kynnt ákærða, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr., sömu laga til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málflutningsþókun [svo] réttargæslumanns samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti.“

Afstaða og kröfur ákærða

- 2 Ákærði neitar sök, krefst sýknu og að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi. Til vara krefst ákærði að brotið verði heimfært til 209. gr. almennra hegningarlaga og honum verði gerð lægsta refsing sem lög leyfa. Þá krefst ákærði hæfilegrar þóknunar til handa verjanda sínum, sem greidd verði úr ríkissjóði.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 3 Rannsókn máls þessa hófst á grundvelli beiðni Barnaverndar [...] 27. september 2021, eftir að brotaþoli greindi félagsráðgjafa Barnaverndar frá því í viðtali 14. september 2021 að hún hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á heimili sínu í júlí 2021. Áður hafði hún greint frá sama atviki á [...] [...] nokkrum dögum fyrr, þar sem hún hafði verið lögð inn vegna [...]. Kvað brotaþoli atvik máls þessa hafa átt þátt í því að hún lagðist inn á geðdeild, en einnig væru aðrar orsakir þar að baki.
- 4 Samkvæmt gögnum málsins bauð brotaþoli tveimur piltum heim til sín, ákærða í máli þessu og C, en ákærða hafði hún komist í samband við á samfélagsmiðlum sama dag, en C nokkrum dögum áður. Hún bauð þeim inn í herbergi til að hlusta á tónlist og spjalla. Fljótlega hófust atlot á milli brotaþola og ákærða, sem voru með vilja beggja. Um 15 - 20 mínútum eftir að piltarnir komu kvaðst C ætla að skreppa í burtu en að hann myndi koma aftur. Eftir voru ákærði og brotaþoli ein í herberginu og héldu atlotin áfram, en þeim ber ekki saman um hvernig atburðarásin þróaðist.
- 5 Ákærði kveður brotaþola hafa haft frumkvæðið, en hann hafi snert hana og kysst á mót. Á endanum hafi hann spurt hana hvort hún vildi sjá lim hans og hún samþykkt það. Hann hafi sýnt henni liminn í örstutta stund. Á þessum tíma hafi hann legið á bakinu á rúminu og brotaþoli klofvega ofan honum. Hann hafi ekkert gert án hennar samþykkis og hvorki fróað sér né fengið sáðlát. Að þessu loknu hafi hann togað buxur sínar aftur upp og þau hætt atlotunum og brotaþoli farið úr herberginu á snyrtinguna. Sjálfur hafi ákærði farið að hlusta á tónlist.
- 6 Brotaþoli kvað ákærða hins vegar hafa orðið ágengari í snertingum og tali eftir að C fór út og byrjað að reyna að snerta brjóst hennar og draga hana úr buxunum. Hann hafi tekið út lim sinn og reynt að fá hana til að fróa sér. Hún hafi ítrekað sagt honum að hún vildi þetta ekki strax og ýtt honum frá sér. Hún hafi

viljað að þau kynntust fyrst. Að lokum hafi hann sagt henni að leggjast niður, sem hún hafi gert, og að hann ætlaði að fróa sér yfir andlit hennar. Hún hafi ítrekað sagt að hún vildi þetta ekki, en hann hafi gert það engu að síður og haft sáðlát yfir andlit hennar og hár. Hún hafi þá farið inn á bað að þrifa sig. Þar hafi hún sent C skilaboð og beðið hann að koma og fara með ákærða úr íbúðinni, sem hann hafi gert. Systir brotaþola, D, hafi komið inn á bað og séð hana þar hágrátandi að þrifa sæði úr hári sínu. Hún hafi sagt henni hvað hafi gerst og þær síðan haldið saman til eldri systur brotaþola, E, en ekki sagt móður sinni frá atvikinu þar sem brotaþoli hafi ekki viljað það.

- 7 Samkvæmt gögnum málsins var móðir brotaþola heima að horfa á sjónvarpið er umrætt atvik átti sér stað. Einnig voru heima systir brotaþola, D, ásamt kærasta sínum, og yngri bróðir brotaþola. Framburðum hjá lögreglu bar ekki saman um hvort stjúpfadir brotaþola hafi einnig verið heima.
- 8 Á meðal gagna málsins er myndskreið af samskiptum á samfélagsmiðlinum Instagram, sem brotaþoli segist hafa tekið upp af samskiptum sínum við ákærða samdægurs eftir að meint atvik átti sér stað, en gögn þessi afhenti brotaþoli lögreglu nokkru eftir að hún gaf þar skýrslu. Einnig eru á meðal gagna málsins myndir af samskiptum á milli brotaþola og C á samskiptamiðlinum Snapchat, sem brotaþoli afhenti lögreglu. Í þessum gögnum er að finna eftirfarandi skilaboð, sem brotaþoli segir stafa frá ákærða í gegnum Instagram: „Just know I really sorry ... Sorry ... Didn't mean for it to happen like that ... Am human feeling took over i shit happen that normally not me ... A i really liked you and this shit happen please know am sorry am sorry we all human we all make mistakes”. Ákærði kannast ekki við að hafa sent umrædd skilaboð.

Skýrslur fyrir dómi

- 9 Auk ákærða gáfu skýrslur fyrir dómi, A, brotaþoli, C, kærasti brotaþola, D, systir brotaþola, E, systir brotaþola, B, móðir brotaþola, F, félagsráðgjafi hjá barnavernd, og lögreglumaður nr. G. Báru framburðir fyrir dómi þess merki að 18 mánuðir eru liðnir frá atvikum málsins. Verður nú gerð grein fyrir þeim að því marki sem þýðingu hefur.
- 10 Ákærði kvaðst hafa verið í vinnunni og á Instagram, þar sem hann hafi kynnst brotaþola umræddan dag. Hann hafi farið að spjalla við hana en ekkert kynferðislegt verið rætt. Hún hafi boðið honum að koma í heimsókn og koma með C, sem hún sagðist þekkja og sá að var líka vinur ákærða. Þeir hafi farið á bíl ákærða heim til brotaþola, mamma hennar hafi verið í sófanum að horfa á sjónvarpið, en þeir farið inn í herbergi til brotaþola. Þau hafi farið að spjalla, hún hafi sagst vera fædd í [...], þar sem pabbi hennar byggdi. Hún hafi verið að tala um pabba sinn og sagt að hann hafi gleymt afmælinu hennar, sem verið hafi nokkrum dögum áður. Einnig hafi hún sýnt þeim [...]. C hafi verið að hlusta á rapptónlist. Brotaþoli hafi skroppið aðeins úr herberginu og á meðan hafi C sagt ákærða að hann þyrfti að skreppa frá til að hitta vinkonu sína og beðið ákærða að lána sér bílinn. Þetta hafi verið um 20 mínútum eftir að þeir komu til brotaþola.
- 11 Brotaþoli hafi komið aftur inn í herbergið áður en C fór. Þau hafi hlustað á tónlist og brotaþoli hafi sagt að hún hafi séð ákærða akandi áður og að henni þætti hann myndarlegur. Þau hafi síðan talað um skólann, en allt í einu hafi hún hallað sér að ákærða og farið að kyssa hann, C hafi þá ekki enn verið farinn. Þau þrjú hafi öll setið á rúmi brotaþola. Brotaþoli hafi setið á öðrum endanum við sjónvarpið, ákærði í miðjunni og C á hinum endanum. Ákærði hafi setið með bakið að veggnum. Þau hafi svo haldið áfram að kyssast og spjalla. Brotaþoli hafi verið að snerta líkama hans. Hann hafi snert háls hennar og andlit á meðan þau kysstust. Ákærði hafi síðan spurt hvort hún vildi sjá lim hans og hún hafi viljað það. Hún hafi ekki snert liminn, heldur horft á hann og bara flissað. Þetta hafi verið stutta stund.
- 12 Um 10 mínútum síðar hafi C komið aftur og skilaði sér bíllyklunum, en þá hafi brotaþoli verið farin úr herberginu og inn á baðherbergi. C hafi farið að hitta stelpu en væri nú tilbúinn að fara og þeir hafi farið saman úr íbúð brotaþola. Í heildina hafi þeir verið um 30-40 mínútur heima hjá brotaþola. Þeir hafi stöðvað bílinn skammt frá og þá hafi sagt að A hafi sagt sér að ákærði hafi fengið sáðlát á andlit hennar. Ákærði hafi sagst vilja fara til baka að ræða hvers vegna hún segði þetta, en C ekki viljað það. Ákærði hafi verið að spyrja hví þau segðu þetta og hvaða skilaboð þau væru að senda sín á milli. Ákærði hafi loks spurt C

hvort hann ætti að skutla honum heim, en hann hafi sagst ætla að ganga, en ákærði séð hann ganga í áttina að heimili brotaþola. Ákærði hafi síðan farið heim.

- 13 Ákærði kvaðst ekki hafa kvatt brotaþola þegar þeir fóru úr íbúðinni. Ákærði hafi viljað kveðja hana, en C sagt að það væri allt í lagi að fara án þess að kveðja. Ákærði kvaðst hafa þekkt C frá því hann kom til Íslands í nóvember 2019, en hann hafi kynnst C betur í skóla 2020. Hann hafi verið einn besti vinur hans hér á landi. Þeir séu ekki vinir í dag. C hafi orðið kærasti brotaþola stuttu eftir þetta atvik og hafi hætt að heilsa ákærða eftir þetta. Ákærði hafi ekki hitt brotaþola eftir þetta, en séð hana með C.
- 14 Aðspurður kvaðst ákærði hafa átt samskipti við brotaþola í gegnum Instagram fyrir um daginn, en ekki eftir að hann fór af heimili brotaþola. Hann hafi ekki sent skilaboð, með afsökunarbeiðni, sem brotaþoli segi hann hafa sent eftir að hann fór af heimili hennar. C hafi hins vegar verið að nota síma ákærða er þeir voru í bílnum eftir að hafa yfirgefið íbúðina og hann hafi verið að senda brotaþola skilaboð. Taldi ákærði líklegt að C hafi ritað þessi skilaboð og sent þau. C hafi beðið ákærða um að sjá hvað þeim brotaþola hafi farið á milli fyrir um daginn og því fengið síma hans. Þetta hafi verið á bílastæðinu sem þeir hafi stöðvað á rétt fyrir utan heimili brotaþola. Þegar ákærði hafi fengið símann aftur hafi C verið búinn að eyða öllum skilaboðum á milli ákærða og brotaþola. Ákærði hafi ekki beðið C um neinar skýringar á því né talið ástæðu til að nefna þetta við lögregluna er hann gaf þar skýrslu.
- 15 Aðspurður kvað ákærði ekkert hafa gerst í herberginu sem hefði átt að gefa brotaþola ástæðu til ótta. Hann hafi engar skýringar á sökum þeim sem á hann eru bornar í þessu máli, aðrar en þær að brotaþoli og C hafi ætlað að koma á hann sök.
- 16 Ákærði kvað móður brotaþola hafa komið í gættina í eitt sinn. Ákærði kvaðst ekki hafa séð systur brotaþola.
- 17 *Vitnið A, brotaþoli*, segir ákærða hafa sent sér skilaboð á Instagram og hafi beðið um að fá að hitta hana. Hún hafi ekki þekkt hann neitt áður. Þau hafi aðeins talað saman á Instagram. Þau hafi bara ætlað að hittast og „tjilla“. Hún hafi hitt C áður og hann hafi verið góður og því hafi henni þótt í lagi að þeir kæmu í heimsókn til hennar. Þau hafi öll verið á rúminu hennar sem hafi verið frekar stórt, C verið á horninu með heyrnartólin á höfðinu, og ákærði verið við hlið hennar, hann hafi fíkrað sig nær og lagst ofan á læri hennar, hún hafi sett höndina á hann og þau bara verið að „tjilla“. Þau hafi hlustað á tónlist og hún verið að tala við ákærða, hann hafi sest upp og farið að snerta læri hennar og viljað snerta brjóst hennar, en hún sagt að sig langaði bara að kynnst og ekki gera neitt svona strax. Hann hafi viljað fara undir peysuna hennar. C hafi tekið eftir að eitthvað var að gerast og þá hafi hann farið og sagst ætla út í búð en að hann myndi koma aftur. Það hafi verið um korteri eftir að þeir komu. Ágengni ákærða hafi aukist eftir það, en hún alltaf færst undan og sagst vilja kynnst betur fyrst. Á endanum hafi hún gefið eftir því hún vissi ekki hvað hún ætti að gera. Að beiðni ákærða hafi hún sest klovvega ofan á hann, þar sem hann lá á bakinu í rúminu. Þá hafi hann reynt aftur að snerta brjóst hennar, en hún sagt aftur að hún vilji ekki gera þetta heldur kynnst fyrst. Hann hafi þá spurt hvort hún vilji „fara niður á hann“ og þræbeðið hana um það, en hún hafi færst undan. Þá hafi hann beðið hana um að kyssa lim sinn og hún hafi gert það “því ég vildi bara að þetta væri búið.” Hann hafi þá reynt að fara ofan í buxurnar hennar, en hún stoppað hann, tekið höndina í burtu og sagst vilja kynnst fyrst. Hún hafi verið mjög ákveðin og á endanum hafi hann gefist upp og hún farið ofan af honum og lagst á bakið.
- 18 Ákærði hafi áfram suðað í henni, en gefist á endanum upp á því og sest klovvega á hnjúnum yfir efri hluta líkama hennar og tekið typpið aftur út og byrjað að fróa sér. Hún hafi sagst vilja kynnst betur, en hann ekki hlustað og verið klovvega á hnjúnum yfir henni og runkað sér, en hún hafi verið með augun lokuð og reynt að ýta honum frá sér nokkrum sinnum með því að þrýsta á maga hans og segja að hún vildi þetta ekki. Hún hafi verið með hendurnar lausar og ákærði hafi ekki haldið henni eða reynt að þvinga hana. Typpi hans hafi ekki snert hana, en verið mjög nálægt andliti hennar. Á endanum hafi hann „fengið það yfir hana“. Hann hafi þá farið af henni og hún farið inn á bað til að þrifa sig.

- 19 Áður hafi hún sent C skilaboð um að hjálpa sér, en hann hafi ekki séð þau strax. Þegar hún var inni á baði hafi hann verið búinn að sjá þau og svarað henni þá. Hún hafi beðið hann að koma. Hún hafi verið hágrátandi inni á baði, systir hennar hafi komið og hún hjálpað henni að þrifa sig. C hafi komið og tekið ákærða út úr íbúðinni. Þá hafi ákærði verið búinn að vera kannski 30-40 mínútur heima hjá henni.
- 20 Móðir brotþola hafi bankað á baðherbergishurðina og sagt henni að þeir væru að fara. Hún hafi ekki sagt móður sinni hvað hafi gerst. Herbergi brotþola blasi við stofunni. Mamma hennar hafi verið í stofunni á meðan allt gerðist. Henni hafi ekki dottið í hug að kalla á hana. Hún hafi verið hrædd og skammast sín. Nánar aðspurð kvaðst hún hafi “frosið” þegar ákærði hafi reynt að fara með hendurnar inn á brjóst hennar. Á endanum hafi hún leyft honum það, þar sem hana “langaði að hann myndi bara láta mig í friði”. Hann hafi tekið typpið á sér út á meðan hún hafi enn verið ofan á honum og beðið hana að “fara niður á sig”. Hún hafi á endanum kysst typpið. Ákærði hafi ekki reynt að þvinga hana, en hafi reynt að setja höndina í buxur hennar, en hún hafi haldið höndinni frá.
- 21 Brotþoli bar um að henni hafi liðið illa á þessum tíma og byrjað að líða verr og verr eftir þetta og farið að skaða sig sjálfa. Á endanum hafi kærasti stóru systur hennar sagt móður sinni frá atvikinu, þar sem hann hafi talið það ástæðu þess að hún lagðist inn á geðdeild. Kvað brotþoli mikið annað hafa verið í gangi á þessum tíma, en þetta hafi verið stór hluti af vanlíðan hennar.
- 22 Aðspurð um Instagram skilaboð, sem brotþoli kveður hafa verið á milli sín og ákærða, og hún afhenti lögreglu afrit af, kvað hún þau hafa verið send samdægurs eftir að hún var komin til E, eldri systur sinnar. Það hafi verið í beinu framhaldi af því að ákærði og C fóru frá heimili brotþola.
- 23 Snapchat skilaboðin “Save me” hafi hún sent C þegar hún sat klovvega ofan á ákærða og hann var að leita á hana. Hún hafi skoðað símann sinn og séð að C hafi sent henni skilaboðin „Heyo can you open the main door“ nokkrum mínútum áður um að hann væri kominn aftur og beðið hana að opna fyrir sér útidyrnar. Aðspurð hví hún hafi þá ekki notað tækifærið og sagt ákærða að C væri kominn aftur og að hún ætlaði að fara og opna fyrir honum kvaðst hún ekki skilja það sjálf í dag. Kvaðst hún halda að það hafi verið skilaboð þarna á milli sem hafi eyðst, en í þeim hafi C sagt henni að hann væri farinn aftur.
- 24 Skilaboðin “Im too scared to come out” hafi hún sent C seinna þegar hún hafi verið komin inn á baðherbergi því hún hafi verið of hrædd til að fara þaðan út á meðan ákærði var enn í herberginu. Áður hafi hún einnig talað við C í síma eftir að hún var komin inn á baðherbergið og beðið hann um að koma og sækja ákærða svo hún þyrfti ekki að sjá hann og segja honum að fara.
- 25 Nánar aðspurð um tímasetningar atburða dagsins, kvaðst brotþoli hafa verið búin að vinna um 12 á hádegi þennan dag. Upphaflega hafi ákærði ætlað að koma einn heim til hennar, en hún hafi einnig verið að tala við C á Instagram og spurt hvort hann þekkti ákærða, því þeir væru báðir með erlend nöfn, og komið hafi í ljós að þeir þekktust. Þau hafi þá ákveðið að þeir myndu báðir koma til hennar. Taldi brotþoli þetta hafa verið í síðasta lagi um þrjú leytið. Aðspurð hvernig á því stæði að framangreind skilaboð á Snapchat og Instagram hafi verið tímasett um kl. 19 og síðar um daginn, kvað hún það geta verið, hún muni ekki vel hvenær þeir hafi komið né hve lengi þeir hafi verið hjá henni.
- 26 Brotþoli kvaðst hafa kynnst C nokkrum dögum fyrir atvik málsins. Í nóvember 2021 hafi þau C síðan byrjað í sambandi og séu kærustupar í dag.
- 27 *Vitnið D*, kvaðst hafa verið heima með F kærasta sínum en þau svo hafi farið á rúntinn. Þau hafi verið búin að bjóða brotþola, að koma með ásamt C og ákærða, en brotþoli sagt þeim að koma eftir um 20 mínútur. Eftir að hafa verið á rúntinum hafi vitnið komið heim til að sækja þau. Hún hafi farið inn í herbergi brotþola og séð ákærða þar inni, en ekkert óeðlilegt hafi verið að sjá við hann. Hann hafi sagt brotþola hafa farið inn á baðherbergi. Þar inni hafi vitnið séð systur sína hágrátandi að þvo sér. Hún hafi verið búin að þurrka úr andlitinu, en verið að þrifa úr hárinu á sér sæði, sem vitnið hafi séð. Hún hafi sagt vitninu hvað hafi gerst. Vitnið hafi viljað fara fram og henda ákærða út og segja mömmu þeirra frá þessu, en brotþoli hafi bannað henni það. Hún hafi skilið hvers vegna brotþoli vildi ekki blanda mömmu þeirra

- inn í þetta, enginn unglingur vilji það. Brotapoli hafi verið búin að biðja C að koma og fara með ákærða út. F hafi síðan sagt henni að hann hafi séð þá báða koma skellihljæjandi út úr blokkinni.
- 28 Taldi vitnið að þetta hafi verið um hádegi eða aðeins seinna, en kvaðst í raun ekki muna hvenær dagsins þetta var. Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir lögreglu.
- 29 Aðspurð um hvers vegna hún hafi skýrt lögreglu svo frá að brotapolí og C hafi verið meira en bara vinir, kvaðst vitnið telja sig hafa séð C vera að koma frá brotapolá einu sinni áður og hún hafi talið að eitthvað væri á milli þeirra meira en venskapur.
- 30 Aðspurð kvaðst vitnið ekki vita hvers vegna brotapolí hafi beðið hana að bíða í tuttugu mínútur áður en hún myndi koma með á rúntinn. Þau hafi öll verið heima þá. Kvaðst hún hafa talið að brotapolí ætlaði að gera sig til. Kvaðst hún hafa séð C akandi á leið í búðina þegar hún var að koma til baka með F til að sækja þau á rúntinn.
- 31 *Vitnið C*, kvaðst vera í sambandi með brotapolá, það hafi byrjað 2020 og verið með hléum en þau séu nú í sambandi. Nánar aðspurður kvað hann samband þeirra hafa hafist 2021. Hann kvaðst hafa þekkt ákærða í gegnum móður sína, en mæður þeirra séu vinkonur. Vinslit hafi orðið með honum og ákærða eftir þennan dag.
- 32 Um atvik umræddan dag kvaðst vitnið hafa farið með ákærða heim til brotapolá. Þeir hafi bara ætlað að eignast vini. Hann muni ekki hvenær dagsins þetta var, það hafi verið sumar og alltaf bjart. Hann muni ekki hvort þeir fóru á bíl vitnisins eða ákærða. Þau hafi öll þrjú farið saman í herbergi brotapolá og setið þar á rúminu, ákærði nær brotapolá, en vitnið lengra frá. Brotapolí hafi sýnt þeim [...]. Hann hafi séð ákærða leggjast á brotapolá og þá hafi vitninu liðið illa. Hann hafi verið með heyrnartólin á sér og í símanum. Hann hafi ekki viljað hlusta á hvað þau voru að tala um saman. Hann hafi ekki viljað fylgjast með þeim. Honum hafi þótt brotapolí vera sæt, en fundist hún vera að velja ákærða og því liðið óþægilega og ákveðið að fara. Hann myndi ekki hvort hann sagði hvert hann væri að fara, en hafi sagst ætla að koma aftur. Það hafi enginn beðið hann um að fara.
- 33 Vitnið hafi síðan fengið skilaboðin „Save me“ frá brotapolá og flýtt sér til baka. Hann hafi viljað vita hvað hafi gerst og ef eitthvað hafi gerst hvort hægt væri að laga það. Hann hafi verið á [...], rétt hjá heimili brotapolá og farið strax heim til hennar. Hann hafi talið að hún gæti verið í hættu, þar sem hún hafa bara verið að kynna ákærða og ákærði hafi verið að sýna henni áhuga. Ekki hafi meira en 25 mínútur liðið frá því hann fór og þangað til hann kom aftur. Er hann hafi komið til baka hafi hann séð D á ganginum. Hann hafi farið inn að tala við ákærða til að átta sig á hvað hefði gerst. Hann hafi ákveðið að fara með ákærða út úr íbúðinni því brotapolí hafi verið ósátt við hann. Þeir hafi síðan farið út og ekið að bílastæði hjá [...], skammt frá heimili brotapolá, og þar hafi vitnið sagt ákærða að hann þyrfti að biðjast afsökunar. Hún hafi ekki svarað síma ákærða og því hafi ákærði notað síma vitnisins til að senda henni skilaboð. Vitnið kvaðst ekki muna hvort ákærði skutlaði honum heim eða hvort hann gekk.
- 34 Vitnið mundi ekki hver hafi hleypt honum inn í íbúðina. Vitnið kvaðst ekki kannast við að hafa komið að heimili brotapolá, beðið þar fyrir utan í stutta stund og farið aftur en snúið svo við eftir að brotapolí hafi sent honum skilaboðin “Save me”.
- 35 Vitnið kvaðst hafa viljað ræða málið við ákærða og fundist best fyrir ákærða að hann bæði brotapolá afsökunar. Þeir hafi rætt saman á bílastæði við [...], eftir að þeir fóru frá brotapolá. Ákærði hafi sagt vitninu að eitthvað hafi gerst í herberginu, sem hafi ekki verið gott. Brotapolí hafi seinna sagt honum hvað hafi gerst.
- 36 Vitnið staðfesti að Snapchat skilaboðin “Save me”, sem send voru kl. 19:12 og “Im too scared to come out”, sem send voru kl. 19:36, séu skilaboð á milli hans og brotapolá sem farið hafi á milli þeirra í umrætt skipti. Skilaboðin “Its gareese” “Am sorry I iust really liked you Just caome we can take things slow Sorry dont be scared”, sem send voru kl. 19:38 hafi ákærði sent brotapolá úr síma vitnisins.

- 37 Aðspurður um þá frásögn ákærða, að vitnið hafi sent skilaboð úr síma hans, kvaðst vitnið hafa fengið síma ákærða lánaðan til að sjá hvaða skilaboð hann hafi verið að senda brotaþola. Hann hafi verið að hjálpa ákærða að biðjast afsökunar. Hann hafi viljað að hann gerði það og þeir verið að hjálpast við að ákveða hvernig ætti að gera það. Vitnið hafi þekkt brotaþola betur og því talið sig vita frekar hvað ætti að skrifa henni. Vitnið vildi ekki útiloka að hann gæti hafa skrifað eitthvað af skilaboðum til brotaþola úr síma ákærða.
- 38 Vitnið kvaðst ekki muna hvort brotaþoli hafi talað við sig í síma er hún var inni á baðherberginu, en kvað það geta verið. Hún hafi hins vegar ekki sagt honum hvað gerðist fyrir en síðar, né heldur beðið hann að fara með ákærða út. Vitnið hafi ákveðið það sjálfur eftir að ákærði hafi sagt honum hvað gerðist.
- 39 Vitnið kannaðist við að hafa sagt lögreglu að honum hafi þótt ákærði ákafur gagnvart brotaþola, en kvaðst ekki hafa átt við að hún vildi það ekki, heldur að honum þætti ákærði framhleyppinn. Vitnið hafi haft á tilfinningunni að brotaþola líkaði það sem var að gerast á milli hennar og ákærða, áður en vitnið fór úr herberginu. Fyrir hans leyti hafi þetta hins vegar verið að gerast of hratt miðað við hve lítið þau þekktust.
- 40 Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna hvort þau brotaþoli höfðu hist áður en þetta var. Hann hafi kynnst henni 2 - 3 dögum áður. Er vitnið kom á ný fyrir dóminn, kvaðst hann hafa kysst brotaþola þegar hún hafi komið heim til hans, um miðnæturleytið, tveimur dögum fyrir atvik máls þessa. Taldi vitnið að brotaþoli hafi ekki gist hjá honum. Það hafi ekki verið neitt samband á milli þeirra. Skömmu eftir að vitnið gaf skýrslu í annað sinn, óskaði hann eftir að leiðrétta fyrri framburð sinn og kom því fyrir dóminn í þriðja sinn. Kvaðst hann þá ekki hafa kysst brotaþola er hún heimsótti hann, tveimur dögum fyrir atvik málsins. Það hafi ekki verið fyrir en seinna, en gæti hafa verið áður en hann heimsótti hana með ákærða í umrætt sinn. Aðspurður upplýsti vitnið að hann hafi rætt við brotaþola áður en hann gaf skýrslu þriðja sinni, en kvað þau ekki hafa rætt skýrslugjöf hans.
- 41 Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna hvort hann fékk bíl ákærða lánaðan er hann skrapp í burtu umræddan dag eða hvort hann fór gangandi frá heimili brotaþola. Þá mundi hann heldur ekki hvort hann fór akandi eða gangandi að heimili brotaþola frá [...], en hann kvaðst hafa hraðað sér til baka.
- 42 Vitnið kannaðist við að þeir ákærði hafi verið hlæjandi er þeir fóru út úr íbúðinni, en þeir hafi ekki hlegið að því sem hafi gerst, heldur meira að „Gareese fucked up“ og að þeir væru báðir svartir menn, þetta hafi verið kaldhæðni.
- 43 *Vitnið A*, móðir brotaþola kvaðst hafa verið að horfa á sjónvarpið þegar brotaþoli hafi komið með tvo vini inn og farið inn í herbergi. Hún vissi ekki þá hvað þeir hétu. Nokkru seinna, kannski 30 – 40 mínútum, hafi C farið, en komið svo aftur stuttu seinna. Þá hafi A verið inni á baðherbergi. Vitnið hafi hleypt honum inn í seinna skiptið. Taldi hún að C hafi ekki einu sinni komið inn þá, heldur hafi ákærði komið úr herberginu og farið beint út. Þeir hafi verið að flýta sér. Vitninu hafi þótt þetta skrýtið og farið og bankað á baðherbergisdynnar og spurt hvort allt væri í lagi. D hafi sagt „mamma nennirðu að láta okkur í friði“.
- 44 Vitnið kvaðst hafa skutlað brotaþola nokkrum sinnum til C áður og hafi talið að eitthvað væri á milli þeirra „þau hafi verið að dúllast saman.“ Brotaþoli hafi verið nýkomin úr öðru sambandi og nýlega farið að hitta C. Vitnið hafi þó ekki vitað nákvæmlega hvernig því var háttað. Vitnið hafi svo heyrt af atvikum frá E dóttur sinni eftir að brotaþoli tók lyf og fór á sjúkrahúsið. Vitnið hafi tekið eftir vanlíðan hjá brotaþola fyrir það. Hún hafi lokað sig af. En vitnið hafi ekki verið viss, þar sem líðan unglunga sé breytileg.
- 45 *Vitnið G*, félagsráðgjafi hjá barnavernd, kveðst hafa haft aðkomu að fjölskyldu brotaþola síðast liðin fjögur ár fyrir atvik málsins. Eftir atvikið hafi henni verið tilkynnt af [...] að brotaþoli væri þar eftir að hafa gert [...]. Hún hafi látið systur sína vita og hún farið með hana á [...]. Þetta hafi verið í september 2021. Hún hafi sagt henni hvað hafi gerst, C hafi ætlað út í búð, þá hafi ákærði orðið ágengari og á endanum fróað sér yfir andlit hennar. Hún hafi farið fram á það og hringt í C og beðið hann að koma og bjarga sér. Vitnið kvaðst meta það svo að brotaþoli hafi fengið áfall við þetta og flosnað upp úr námi. Hún hafi ekki verið með tillneigingu til [...] áður svo vitnið viti til. Það hafi hins vegar verið erfiðleikar með ástundun náms áður. Fjölskylduaðstæður hafi verið erfiðar.

- 46 *Vitnið E*, segir brotaþola hafa hringt umræddan dag og spurt hvort hún mætti koma heim til hennar. Brotaþoli hafi sagt sér að ákærði hafi tekið út typpið og fengið sáðlát yfir andlit hennar. C hafi farið í búðina og þetta gerst á meðan. Hún hafi svo farið í sturtu og þrifið sig. Hún hafi síðan komið til vitnisins og verið í uppnámi. Þetta hafi verið um kvöldmatarleytið minni vitnið. Hún hafi búið í blokkinni við hliðina á brotaþola. Hún hafi síðan einhverjum vikum seinna tekið lyf og sagst hafa ætlað að [...] og þetta væri stór ástæða fyrir því. Vitnið hafi farið með henni á [...]. Brotaþoli hafi verið með [...] áður en þetta gerðist, en þarna hafi hún orðið alvarlegri
- 47 Aðspurð kvað vitnið brotaþola hafa verið að senda ákærða skilaboð þegar hún var heima hjá vitninu.
- 48 *Lögreglumaður nr. G* staðfesti lögregluskýrslu sína um rannsókn á farsíma brotaþola. Vitnið kvað brotaþola hafa sent sér skjáskot af skilaboðum sem er að finna í málgögnum. Lögreglan hafi ekki tekið skjáskotin sjálf. Hið sama eigi við um „screen record“ upptöku af skilaboðum á Instagram, sem brotaþoli segi hafa verið á milli hennar og ákærða. Brotaþoli hafi tekið þessi skjáskot og myndskaið af öðrum síma, sem hún hafi átt áður. Hún hafi afhent lögreglu þessi gögn, en ekki símann sjálfan, þar sem hún hafi verið hætt að nota þann síma sem hún notaði er atvik málsins gerðust. Lögreglan hafi hvorki rannsakað eldri síma brotaþola, né heldur síma ákærða og vitnisins C til samanburðar og staðfestingar á því að skilaboðin hafi raunverulega verið send þar á milli.

Forsendur og niðurstaða

Sönnun og heimfærsla

- 49 Í máli þessu liggja ekki fyrir önnur sönnunargögn um háttsemi þá sem ákærða er gefin að sök, en munnlegir framburðir og afrit af skilaboðum á samfélagsmiðlum, sem brotaþoli segir hafa farið á milli hennar og ákærða eftir að meint brot hafi átt sér stað en ákærði kannast ekki við.
- 50 Hvað varðar myndir og myndskaið af skilaboðum á Instagram, þar sem ákærði virðist biðja brotaþola afsökunar á háttsemi sinni, er fyrst til þess að líta að fyrir dómi upplýsti lögreglukona sem annaðist rannsókn þessara gagna, að lögreglan hafi í raun ekki afritað gögn úr síma brotaþola, eins og málgögn gáfu til kynna að hafi verið gert, heldur hafi brotaþoli sjálf afhent lögreglu þessi gögn og sagst hafa tekið myndir af samskiptum sínum við ákærða til að sýna systur sinni. Lögreglan hafi ekki rannsakað síma brotaþola til að sannreyna uppruna gagnanna, þar sem brotaþoli hafi þá verið hætt að nota símann. Í upptöku af skýrslutöku lögreglu af brotaþola kemur fram að umræddur sími hafi verið með brotinn skjá. Lögreglan nefnir að engu að síður geti verið unnt að nálgast gögn af símanum, en það virðist hafa farist fyrir við rannsókn málsins. Í skýrslutökunni nefnir lögreglukonan ítrekað að gögn sem þessi geti verið mjög þýðingarmikil fyrir málið og leggur áherslu á að brotaþoli afhendi lögreglu símann til rannsóknar. Hins vegar lætur hún þess getið að brotaþoli þurfi ekki að afhenda símann strax, heldur geti hún gert það seinna. Að mati dómsins hefði lögreglan með réttu átt að taka símann til rannsóknar þegar á þeirri stundu til að tryggja að ekki yrði unnt að eiga við gögnin eða útbúa gögn sem bæru með sér að vera samskipti á nefndum samfélagsmiðlum, en með einföldum hætti er unnt að verða sér úti um forrit fyrir síma, þar sem unnt er að líkja með nákvæmum hætti eftir samskiptagögnum sem þessum. Jafnframt lét lögreglan undir höfuð leggjast að rannsaka síma ákærða og vitnisins C til samanburðar og staðfestingar á því að skilaboðin hafi raunverulega farið þar á milli. Þá freistaði lögregla þess heldur ekki að rannsaka Instagram reikning brotaþola eða ákærða í sama tilgangi. Loks er hvorki að finna dagsetningu né tímasetningu á skilaboðunum.
- 51 Í öðru lagi liggur fyrir framburður vitnisins C um að hann hafi hugsanlega ritað einhver umræddra skilaboða úr síma ákærða, þar sem hann hafi vitað betur en ákærði hvernig rétt væri að skrifa brotaþola. Samræmist þetta framburði ákærða sjálfs um að C hafi fengið síma hans lánaðan í bílnum eftir að þeir fóru frá brotaþola og sent úr honum skilaboð.
- 52 Í þriðja lagi kemur ekkert efnislega fram í skilaboðunum, sem rakin eru að hluta til í málgrein 8 hér að framan, sem felur í sér viðurkenningu á refsiverðum verknaði af hálfu ákærða, þó ráða megi af þeim að þar sé lýst eftirsjá vegna háttsemi gagnvart brotaþola. Í skilaboðunum segir notandinn _gareese m.a. “You

didn't really push me like that" um eftirfarandi fullyrðingu brotaþola "you know i tried to push you away and told you i wanted to chil and get to know each other better". Meintur verknaður er ekki nefndur í skilaboðunum og efnislega verður ekki lesið meira úr þeim en að ákærði hafi verið full ágengur í ástleitni sinni gagnvart brotaþola miðað við að þau þekktust nánast ekki neitt, en í skilaboðunum vitnar sendandinn til þess að hann hefði átt að kynna brotaþola betur fyrst og vísar til þess að C hafi einnig sagt það. Fer það saman við framburð C fyrir dómi um að honum hafi þótt ákærði of ágengur við brotaþola, að sínum dómi, þegar hann var sjálfur enn í herberginu með þeim, en bætti við að honum hafi þó ekki virst brotaþoli ósátt við atlotin þeirra á milli. Þá hefur einnig komið fram í framburði ákærða og C að það hafi fyrst og fremst verið C sem hafi talið ástæðu til að ákærði myndi biðja brotaþola afsökunar á því sem fram hafi farið.

- 53 Með hliðsjón af öllu því sem rakið hefur verið hér að framan er það álit dómsins að slíkur vafi leiki á um áreiðanleika hinna meintu skilaboða og hvað felist í þeim efnislega að þau geti ekki haft sönnunargildi í málinu um refsiverða háttsemi ákærða.
- 54 Sönnunarfærsla í máli þessu hvílir samkvæmt framansögðu alfarið á mati á trúverðugleika munnlegra framburða.
- 55 Ákærði og brotaþoli eru ein til frásagnar um það sem fram fór í herbergi brotaþola. Að mestu leyti ber þeim saman um atburðarásina fram að þeirri háttsemi sem ákært er fyrir í máli þessu, þó að þau hafi bæði skýrt svo frá að hitt hafi fremur haft frumkvæðið að kossum og snertingum þeirra á milli. Þeim ber saman um að ákærði hafi haft frumkvæði að því að sýna brotaþola reistan lim sinn. Hann lýsti atvikum svo að það hafi verið örstutta stund og hann hafi dregið buxurnar aftur yfir liminn og atlotum þeirra lokið skömmu síðar og brotaþoli farið á baðherbergið. Sjálfur hafi ákærði farið að hlusta á tónlist. Ákærði var þokukendur í frásögn sinni og gaf ekki skýringu á því hvers vegna atlotum þeirra hafi lokið skyndilega á þessu tímamarki og hann ákveðið að fara að hlusta á tónlist, en ákærði bar að brotaþoli hafi verið samþykkt öllu því sem fram fór.
- 56 Heilt yfir var framburður ákærða fyrir dómi ótrúverðugur að mati dómsins um það sem máli skiptir, hvort heldur lítið er til látbragðs eða tilsvara. Frásögn ákærða var ekki bein, skýr og nákvæm, heldur óskýr og þurfti að ítreka tilteknar spurningar, svo sem um ástæður þess að hann hafi ekið að bílastæði rétt hjá heimili brotaþola og staðnæmst þar með vitninu C, þegar ákærði sagði á sama tíma að ekkert markvert hafi gerst sem þeir þyrftu að ræða. Þá var ákærði ótrúverðugur þegar hann lýsti því að C hafi fengið síma hans lánaðan og verið með hann í talsverða stund að senda skilaboð til fólks, án þess að ákærði fylgdist sérstaklega með því þar sem hann sat við hlið hans, og án þess að hann hafi kannað hvað C hafi verið að senda eða hverjum eftir að hann fékk símann aftur. Þá kvaðst hann engar athugasemdir hafa gert við C né haft af því nokkur afskipti hvað hann væri að senda eða hvers vegna hann notaði ekki sinneigin síma. Þeir hafi ekkert frekar verið að ræða samskiptin við brotaþola og ásakanir hennar á hendur ákærða, heldur en aðra hluti. Í hans huga hafi þetta ekki haft neina sérstaka þýðingu, þar sem C væri oft að grínast í honum og hann því ekki talið ástæðu til að taka mark á honum. Bar frásögn ákærða þess almennt merki að hann reyndi að gera lítið úr hlutunum og eyða spurningum sem að honum var beint. Fer framburður ákærða ekki saman við frásögn C um að honum hafi verið mikið niðri fyrir og talið mikilvægt að ákærði myndi biðja brotaþola fyrirgefningar á framkomu sinni gagnvart henni og reyna þannig að laga málin þeirra á milli, en fyrir liggur að á þessum tíma höfðu C og brotaþoli átt í samskiptum á Snapchat sem gáfu til kynna að brotaþoli væri ósátt og óttaslegin gagnvart ákærða. Að mati dómsins veikir það ekki framburð C hvað alvarleika málsins varðar, að þeir ákærði hafi verið flissandi er þeir komu út frá heimili brotaþola, en vitnið skýrði það svo að þeir hafi ekki hlegið að því sem hafi gerst, heldur meira að „Gareese fucked up“ og að þeir væru báðir svartir á hörund, þetta hafi verið kaldhæðni. Þá sýnir það alvarleika málsins og afstöðu C til atvika þess, að vinslit urðu á milli þeirra eftir þetta, en að sögn ákærða hafði C verið besti vinur hans fram að þessu.
- 57 Í framburði sínum fyrir dómi var brotaþoli einlæg og trúverðug í frásögn, framburður hennar nákvæmur og ýkjulaus og svör við spurningum óhikuð, þó að hún væri sýnilega í miklu tilfinningalegu uppnámi við

skýrslugjöfina. Þá bar framburður hennar þess ekki merki að hún leitaðist við að draga neitt undan, fegra hlut sinn eða gera hlut ákærða verri. Skýrði hún frá viðkvæmum smáatriðum, svo sem því að hún hafi kysst lim ákærða og jafnframt að fyrir þrábeiðni hans hafi hún leyft honum að snerta brjóst sín, þegar hún sat klovvega ofan á honum. Þessar upplýsingar höfðu hvergi komið fram í málinu. Jafnframt skýrði hún hreinskilnislega frá því að hún skildi það ekki sjálf í dag hvers vegna hún hafi ekki notað tækifærið og farið út úr herberginu til að opna fyrir C, þegar hún sá skilaboðin frá honum um að hann væri kominn aftur, en þá sat hún enn klovvega ofan á ákærða. Ennfremur skýrði brotapolí hreinskilnislega frá því að ákærði hafi ekki beitt hana neinu ofbeldi, hótunum eða haldið henni, eins og tilgreint er í ákæru, heldur hafi hann verið á hnjánum yfir henni og hundsáð beiðni hennar um að hætta. Þá hafi hann ekki látið lim sinn snerta andlit hennar eins og greint er í ákæru. Allt framangreint styrkir trúverðugan framburð brotþola.

- 58 Sú staðreynd að brotapolí hafi ekki kallað á aðstoð móður sinnar, sem sat í stofu fyrir framan herbergi hennar og horfði á sjónvarpið, þegar ákærði fór klovvega yfir hana og hóf að fróa sér þykir ekki draga úr trúverðugleika frásagnar brotþola. Hún skýrði frá því að þetta hafi gerst hratt og hún hafi verið að reyna að fá ákærða til að hætta. Hún hafi ekki viljað blanda móður sinni í málið. Eru skýringar brotþola trúverðugar að mati dómsins.
- 59 Að mati dómsins er frásögn brotþola af því hvernig atvik þróuðust á milli þeirra ákærða eftir að hann tók út lim sinn trúverðug, en frásögn ákærða ekki. Þá sýna viðbrögð brotþola strax eftir að hún yfirgaf herbergið og fór inn á baðherbergi, að hún var í miklu uppnámi, en til marks um það er framburður D systur hennar og skilaboðin sem hún sendi vitninu C um að hún væri of hrædd til að koma út. Var framburður D, sem kvaðst hafa komið að brotþola hágrátandi og séð hana vera að þrífa sæði úr hárinu á sér, trúverðugur og bar þess ekki merki að hún reyndi að hagræða framburði sínum, heldur leitaðist við að fullyrða ekki meira en hún hafði upplifað. Það styður einnig framburð brotþola að hún hélt rակleiðis með D til eldri systur sinnar E og leitaði þar stuðnings og skýrði á sama hátt frá framgöngu ákærða. Þá liggur fyrir að C og ákærði yfirgáfu íbúð brotþola án þess að kveðja, sem einnig er til marks um að brotapolí hafi verið ósátt við ákærða. Allt framangreint styður frásögn brotþola um að ákærði hafi gengið yfir mörk hennar og fróað sér yfir andlit hennar gegn tilraunum hennar til að fá hann til að hætta. Ákærði hefur hins vegar enga sennilega skýringu gefið á því hvers vegna brotapolí hefði átt að reiðast honum svona skyndilega, hafi allt verið í góðu þeirra á milli og þau einungis verið að kyssast og hlusta á tónlist eins og hann lýsti. Sú skýring ákærða að brotapolí og Chafi viljað koma á hann sök fær enga stoð í gögnum málsins og er í beinni andstöðu við þá staðreynd að brotapolí vildi ekki skýra frá því sem gerst hafði, fyrr en eftir að hún var lögð inn á unglingsgeðdeild í kjölfar lyfjainntöku um mánuði eftir atburðinn. Þá er það einnig í andstöðu við þá staðreynd að C skýrði ekki frá því að hann hafi séð ákærða gera neitt sem brotþola hafi mislíkað.
- 60 Upplýsingar um vaxandi vanlíðan brotþola eftir atvikið, eins og framburðir F, starfsmanns Barnaverndar, E systur brotþola og móður hennar eru til marks um, ásamt þeirri staðreynd að hún leitaði til unglingsgeðdeildar um mánuði eftir atvikið, styðja einnig frásögn hennar, þó að fleira hafi búið þar að baki eins og brotapolí skýrði sjálf frá.
- 61 Fyrir dómi komu fram misvísandi upplýsingar um hvort eitthvað hafi verið á milli brotþola og C áður en atvik málsins gerðust. Þannig skýrðu D og móðir brotþola frá því að þær hafi talið að eitthvað meira en vinátta hafi verið á milli þeirra. Brotapolí skýrði frá því að hún hafi einungis einu sinni hitt C áður en þetta gerðist og þau hafi verið vinir. C bar fyrst að hann teldi þau hafa kysst áður en þetta var, þegar hún hafi komið í heimsókn til hans tveimur dögum áður. Síðar breytti hann þeim framburði og kvað þau ekki hafa kysst þau, en að hann teldi að þau hefðu engu að síður kysst áður en þetta var, þau hafi þó ekki verið í sambandi. Að mati dómsins verður ekki séð að það hafi þýðingu í málinu hvort eitthvað hafi verið búið að gerast á milli brotþola og C þá tvo daga sem þau höfðu þekkt fyrir atburði málsins, en C skýrði sjálfur frá því fyrir dómi að hann hafi upplifað óþægilegar tilfinningar þegar hann sá ákærða og brotþola láta vel hvort að öðru, en á honum var að skilja að afbrýðisemi hafi þar gert vart við sig. Í framburði sínum fór hann hvergi neikvæðum orðum um ákærða, heldur skýrði frá því að hann hafi hvatt hann til að biðjast

fyrirgefningar og reyna að laga samskiptin við brotaþola. Þá skýrði hann svo frá atvikum í herberginu á meðan hann var þar, að hann hafi upplifað þau svo að kynferðisleg atlot hafi verið með vilja beggja, ákærða og brotaþola. Að mati dómsins hallaði á engan hátt á ákærða í framburði C.

- 62 Með vísan til alls framangreinds er að mati dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem brotaþoli hefur lýst. Eins og getur að framan fólst háttsemi ákærða í því að fróa sér þar sem hann var klofvega á hnjánum yfir efri líkama brotaþola og fá sáðlát yfir andlit hennar þrátt fyrir að hún gerði honum ljóst að hún væri því mótfallin. Hins vegar verður ákærði ekki fundinn sekur um að hafa haldið brotaþola niðri og nuddað lim sínum við andlit hennar, eins og háttseminni er lýst í ákæru, enda hefur brotaþoli borið á annan veg.
- 63 Brot ákærða er í ákæru talið vera nauðgun og varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga (hgl.). Í nefndu ákvæði hegningarlaganna segir að hver sem hafi samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun. Eftir framburð brotaþola fyrir dómi taldi ákæruvaldið ekki ástæðu til að kvika frá heimfærslu brotsins. Dómurinn getur hins vegar ekki fallist á það með ákæruvaldinu að háttsemi ákærða, eins og brotaþoli lýsti henni fyrir dómi, falli undir hugtakið “önnur kynferðismök” í skilningi 1. mgr. 194. gr. hgl., en háttsemi sambærileg þeirri sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir hefur í dómaframkvæmd verið talin fela í sér brot gegn blygðunarsemi samkvæmt 209. gr. hgl., sbr. dóma Hæstaréttar í málum 495/2013 og 124/2015. Hefur ákæruvaldið ekki sýnt fram á að atvik í máli þessu séu frábrugðin sambærilegum atvikum sem í dómaframkvæmd hafa verið talin varða við 209. gr. hgl., en löggjafinn hefur ekki gert breytingar á verknaðarlýsingu 194. gr. hgl. frá því framangreindir dómur féllu, sem réttlætt geta frávik frá framangreindri dómaframkvæmd. Verður brot ákærða samkvæmt því heimfært til 209. gr. hgl.

Ákvörðun refsingar

- 64 Brot gegn 209. gr. hgl. varðar fangelsi allt að 4 árum. Ákærði var 19 ára er hann braut gegn brotaþola. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur honum ekki verið gerð refsing áður. Hann braut á grófan og auðmýkjandi hátt gegn kynfrelsi brotaþola sem var rétt orðin [...] ára, á heimili hennar þar sem hún taldi sig örugga. Brotaþoli glímdi við sálræna erfiðleika í kjölfar brotsins. Ásetningur ákærða var einbeittur og skeytti hann í engu um vilja brotaþola. Eiga hér við 1., 2., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. hgl. til þyngingar. Ákærði á sér engar málsbætur, en með hliðsjón af ungum aldri ákærða og hreinum sakaferli er refsing hans hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi, sem bundið skal skilorði eins og í dómsorði greinir.

Ákvörðun skaða- og miskabóta

- 65 Brotaþoli á rétt á miskabótum samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Fyrir liggur að brotaþoli glímdi við sálrænar afleiðingar í kjölfar brotsins, þrátt fyrir að önnur áföll hafi einnig átt hlut að máli að hennar sögn. Í dómaframkvæmd hefur því verið slegið föstu að brot sem þessi eru til þess fallin að valda brotaþola langvarandi sálrænum erfiðleikum. Með vísan til þess og dómaframkvæmdar í sambærilegum málum eru miskabætur brotaþola til handa hæfilega ákveðnar 1.100.000 krónur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir. Það athugast að ekki liggja fyrir gögn um að ákærða hafi verið birt bótakrafan fyrir en við þingfestingu máls þessa 18. október sl. og miðast upphafstími dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þeim degi. Upphafstími vaxta miðast við 15. júlí 2021, en samkvæmt gögnum málsins átti brot ákærða sér stað þann dag, ef mið er tekið af samþykki brotaþola við vinabeiðni ákærða á Instagram þann dag og framburði um að hún hafi nýverið átt [...] ára afmæli þegar brotið átti sér stað.

Ákvörðun sakarkostnaðar

- 66 Með hliðsjón af málsúrslitum verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað málsins, þ.m.t. þóknun réttargæslumanns brotaþola, Sunnu Axelsdóttur lögmanns, og málsvarnarlaun verjanda síns, Leifs Runólfssonar lögmanns, eins og í dómsorði greinir að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Hilmarsdóttir, aðstoðarsaksóknari.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Gareese Joshua Gray, sæti fangelsi í 9 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði, B, kt. [...], fyrir hönd ólögráða dóttur hennar, A, kt. [...], 1.100.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 15. júlí 2021 til 18. nóvember 2022, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði þóknun réttargæslumanns brotaþola, Sunnu Axelsdóttur lögmans, 1.032.021 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Leifs Runólfssonar lögmans, 2.938.318 krónur.